

Sent í samráðsgátt

Reykjavík, 2. nóvember 2022

Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Skrifstofa menningar og fjölmiðla

Efni: Umsögn til menningar- og viðskiptaráðuneytisins um breytingu á ákvæðum fjölmiðlalaga er varða stuðning til einkarekinna fjölmiðla (framlenging gildistíma og endurskoðun einstakra ákvæða), mál nr. 189/2022.

Bændasamtök Íslands fagna framkomu frumvarpsdraga þessara en samtökin halda úti einum stærsta prentmiðli landsins. Sá miðill er Bændablaðið en hann gegnir lykilhlutverki í að koma á framfæri upplýsingum um landbúnaðartengd málefni sem spanna vítt svið. Í ljósi mjög aukinnar áherslu á fæðuöryggi, matvælaöryggi, umhverfis- og loftslagsmál, sjálfbærni og nýsköpun í landbúnaði þarf vart að fjölyrða um hversu mikilvægur miðillinn er allri umræðu og upplýsingu þjóðarinnar.

Rekstrarumhverfi prentmiðils á borð við Bændablaðið hefur verið afar erfitt síðustu árin vegna gríðarlegra hækkana á gjaldahliðinni sem erfitt eða jafnvel ómögulegt er að mæta á tekjuhliðinni. Því er stuðningurinn sem hér um ræðir lykilatriði í því að hægt sé að halda úti vandaðri og upplýstri umræðu um landbúnað sem er einn af grunnatvinnuvegum landsins. Varðandi heildarfjárhæð sem áætluð er til úthlutunar vegna stuðnings við einkarekna fjölmiðla þá verður að taka undir það sem fram kemur í umsögn Torgs ehf., en eðli máls samkvæmt hefur verðlag bein áhrif á rekstrarkostnað Bændablaðsins og því mikilvægt að fjárhæð stuðningsins geti endurspeglad verðlagshækkanir milli ára.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur